

1870. hefir fengið, er svo ábóta vant í mörgu og einkum í því, að þar
 9. júlí. sèst ekki, hver sè réttur eigandi að jörð þeirri, sem hèr hefir verið
 getið um, svo að vèr sjáum oss ekki fært að tiltaka nákvæmlegar,
 hvernig eigi að fara með málið til þess að ná skuldinni.

9. júlí. **67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
 norður- og austurumdæminu, um hallæri í nokkrum
 hreppum í Þingeyjarsýslu.**

Með bréfi, dagsettu 10. f. m., hafð þèr, herra amtdaður, sent
 hingað sex bænarskrár, þar sem búendur í Saudaness, Svalbarðs,
 Presthóla, Kelduness, Húsavíkur og Helgastaða hreppum í Þingeyjar-
 sýslu sækja um, að þeim verði veitt hlutdeild í þeim gjöfum, sem
 nefnd nokkur, er sett var til að afstýra hallæri á Íslandi, safnaði
 saman, eða þá að öðrum kosti að þeim verði veittur styrkur á
 annan hátt, til þess að komast hjá hættu fyrir hallæri að
 vetri komandi, og jafnframt þessu hafð þèr, um leið og þèr í
 almennum orðatiltækjum og án þess að nokkurt álitsskjal frá sýslu-
 manningnum fylgi með, vitnið að það sè satt, sem sagt er í bænars-
 skránum, farið fram á, að ráðstafanir verði gjörðar til þess að
 útvega matvörur að hausti bæði handa hreppum þeim, sem nefndir
 voru, og ef til vill handa nokkrum öðrum sveitum, til þess að þær
 geti komizt hjá hallæri að vetri komandi.

Stjórnarráðið þykist mega í þessu efni gjöra ráð fyrir, að þèr
 samkvæmt bréfi 3. septbr. f. á.¹ hafð sagt hlutadeigendum til um
 það, að þeir geti ekki búizt við neinni hlutdeild í þeim hinum
 nefndu gjöfum, þarèð öllu því er fyrir löngu ráðstafað, sem safnað
 var, og ef þèr hafð ekki tilkynnt þetta áður, verður að mælast
 til þess, að þèr þá nú birtið þeim það sem með þarf í þessu efni.
 En þar að auki skal þess getið, að svo ónógar skýrslur eru sendar
 með þessu máli, að stjórnarráðið hefir ekki með neinu móti getað
 gjört sèr hugmynd um, hvernig málinu í raun rætti sè varið.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 817.

Það nú enn fremur má álíta, eptir þeim skýrslum, sem fengizt hafa síðar, að ástandið sè allt öðruvísi nú, en það var þá, er fyrnefnd bænarskjöl voru send stjórnarráðinu í marz og aprilm., finnur stjórnarráðið að svo komnu enga ástæðu til að gjöra neinrar ráðstafanir útaf þessu, en verður aptur á móti að vísa yður til að taka þau ráð, sem í bréfi stjórnarráðsins 25. ágúst f. á.¹ eru fyrir lögð til að afstýra hallæri, ef á þarf að halda. Ef ástandið samt sem áður þykir vera svo ískyggilegt, að þörf sè á að grípa til sérlegra ráðstafana, eruð þér beðinn að senda hingað áreiðanlegar og nákvæmar skýrslur um ástandið, ekki aðeins í þeim hreppum, sem fyr voru nefndir, heldur og í allri sýslunni, og þar með álitsskjal sýslumannsins.

1870.
9. júlí.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um aðkaupsgjald af skipi.

9. júlí.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 23. f. m. gefst yður til vitundar, herra amtmaður, að aðalskattastjórnin hefir svarað spurningu yðar um, hvornig reikna eigi aðkaupsgjald af hinu frakkneska fiskiskipi *Emilíu D. 53* frá *Dunkerque*, á þá leið, að það skipið að lögum er dæmt óhaffært og selt við opinbert uppboð, er það rétt, að aðkaupsgjald sè goldið samkvæmt tilskipun 1. maí 1838, 50. gr., því þótt svo geti verið, að menn sè ekki á eitt sáttir um, hvornig skipið var til reika, þá er búið var að koma því inn á Siglufjörð, virðist eigi að síður hitt atríðið svo mikils vert, að ekki sè næg heimild til að leiða hjá sér að gæta þess við úrskurð þessa máls, eptir því sem fram er komið, og það er, að skipið var dæmt óhaffært og selt sem óhaffært.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 814.